

Ed. 324. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Í stað „sunnudag“ í 3. gr. komi: laugardag.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Kjósandi, er greiðir atkvæði utan kjörfundar, ritar á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru. Ekki skal þó meta atkvæði ógilt, þótt sleppt sé kenninafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

Kjósandi, er greiðir atkvæði á kjörfundi, markar með ritblýi kross á kjörseðilinn framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa, af þeim, sem í kjöri eru.

Um kosningaathöfnina sjálfa, sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands skal reglulegt forsetakjör fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Ákvæðum laga um kosningar til Alþingis og um sveitarstjórnarkosningar hefur nú verið breytt þannig að kjördagur við þær kosningar er á laugardegi í stað sunnudags áður. Þykir rétt að leggja til að sama skipan verði ákveðin að því er varðar kjördag við forsetakjör.

Í lögunum segir að um kosningaathöfnina sjálfa sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fari að öðru leyti en þar er ákveðið samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis. Í þeim lögum eru nú ekki ákvæði um beina kosningu, hvorki um atkvæðagreiðslu á kjörfundi né utan kjörfundar, og hafa ekki verið frá því einmenningskjördæmi voru lögð niður árið 1959. Er lagt til að í lögin verði sett ákvæði um þetta efni, og eru þau í samræmi við eldri ákvæði laga um kosningar til Alþingis, sem ætla verður að fylgt hafi verið í framkvæmd.